

71  
2 nóvbr.

## REGLUGJÖRÐ

um

### **bann við dragnótaveiði í landhelgi fyrir Hafnahreppi í Gullbringusýslu.**

Samkvæmt lögum nr. 27, 20. júní 1923, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að banna dragnótaveiðar í landhelgi, eru hjermeð sett eftirfarandi ákvæði:

#### 1. gr.

Enginn má nota neina tegund dragnóta, þar á meðal kolanætur — Snurrevaad — til fiskiveiða í landhelgi á svæðinu milli Stafnestanga og vestustu gnýpu Hafnabergs (Murtungur) í Hafnahreppi í Gullbringusýslu. Nær bann þetta jafnt til allskonar skipa og báta, sem slík veiðarfæri nota. Þó skal jarðeigendum eða þeim, er afnotarjett hafa þeirra jarða, sem að sjó liggja á bannsvæðinu, heimilt, að draga þar ádrættarnætur eða fyrirdráttarnætur á land.

#### 2. gr.

Lögreglustjóra og skipum þeim, er annast landhelgigæslu, ber að sjá um, að bannákvæðum reglugjörðar þessarar sje hlýtt.

Kostnaður við eftirlitið greiðist úr ríkissjóði.

#### 3. gr.

Með reglugjörð þessari er takmarkaður rjettur sá, sem sýslunefnd Gullbringusýslu nú hefir samkvæmt lögum nr. 86, 14. nóv. 1917 um fiskiveiðasamþyktir og lendingarsjóði, til þess að gjöra samþyktir, að svo miklu leyti, sem slík samþykt gæti komið í bága við framangreint bann við notkun dragnóta.

#### 4. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varða sektum frá 500 til 15000 krónum og skal með mál út af þeim farið sem almenn lögreglumál.

#### 5. gr.

Reglugjörð þessi gengur í gildi 1. desember 1927.

Þetta birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 2. nóv. 1927.*

**Tryggvi Þórhallsson.**

*Vigfús Einarsson.*